

## AUGLÝSING

3

4. febr.

um að út séu gefnir nýir 500 króna bankaseðlar samkvæmt lögum um Landsbanka Íslands.

Stjórn Landsbanka Íslands hefur samkvæmt lögum nr. 10 frá 15. apríl 1928, gefið út handa Landsbankanum 500 króna seðla með svofelldri gerð:

Seðlarnir eru jafnir 100 króna seðlum Landsbankans að stærð,  $10 \times 15$  cm. Framan á þá er prentað gildi þeirra, og er talan tilgreind með bókstöfum, í þrem orðum, og fyrir neðan þau í tveim línun: Samkvæmt lögum nr. 10, 15. apríl 1928. Landsbanki Íslands. Eru þessi orð öll með dökkgrænum lit á marglitum grunnfleti með brugðnu skrautverki; umhverfis hann eru tvennir grænir bekkir með skrautgreinum. Fyrir ofan er letrað nafn bankans: Landsbanki Íslands, en undir því stendur nafn formanns bankaráðsins og nafn eins af bankastjórunum, og eru þau nöfn með rithönd þeirra. Vinstra megin við orðin er prentuð brjóstmynd Jóns Sigurðssonar, en hægra megin er mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki í hvítum, kringlóttum reit. Á öll horn er prentuð talan 500, er táknar gildi þessara seðla, og er hún með ljósgrænum lit í dökkgrænum, ferhyrndum reit. Aftan á seðlunum er hinn hvíti, kringlótti reitur, með mynd Jóns Eiríkssonar sem vatnsmerki vinstra megin, en hægra megin er prentuð mynd af alþingisstaðnum gamla, Þingvelli við Óxará. Er myndin í kringlótttri umgerð og upphafsstafir bankans, L og Í, skrautlega dregnir, hvor til sinnar handar. Grunnflöturinn umhverfis er með brugðnu skrautverki og yzt umgerð með skrautgreinum í, en innan við hana er talan 500 í hverju horni í kringlóttum skildi með skrautverki umhverfis í ferhyrndum reit. Öll bakhliðin er prentuð með grænum lit.

Þetta er almenningi gert kunnugt hér með.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 4. febrúar 1944.*

**Björn Ólafsson.**

*Torfi Jóhannsson.*

## AUGLÝSING

4

11. febr.

frá fjármálaráðuneytinu, er varðar innheimtu á veitingaskatti.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 124 30. desember 1943, um breyting á lögum nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að undanþáguhámarksverð það, kr. 1.25, sem um getur í 2. gr. nefndra laga nr. 99 1933, skuli, þar til er öðru vísi verður ákveðið, vera kr. 5.00.

*Fjármálaráðuneytið, 11. febrúar 1944.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*